



Menntamálanefnd  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabæ 27. maí 2004  
Tilvísun: 2004050017

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kirkjugripi, 434. mál

Óskað hefur verið umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um tillögur til þingsályktunar um kirkjugripi, 434. mál. Meðfylgjandi er umsögn safnsins, þar sem eindregið er mælt gegn þingsályktuninni með vísan til þjóðminjalaga, safnalaga ([www.althingi.is](http://www.althingi.is)), alþjóðlegra siðareglna safna ICOM ([www.icom.org](http://www.icom.org)), menningarsáttamála sameinuðu þjóðanna ([www.unesco.org](http://www.unesco.org)) og mikilvægi varðveislu þjóðminja við bestu skilyrði fyrir Íslendinga og alþjóð.

### Greinargerð

Þjóðminjasafn Íslands er með mikilvægari stofnunum íslensku þjóðarinnar. Það varðveitir fjöregg okkar menningararfs, þjóðminjar sem hafa sama gildi og handritin okkar. Um gildi þessara minja þarf ekki að fjölyrða. Í Þjóðminjasafninu eru þjóðardýrgripir varðveittir við bestu aðstæður og hvergi annars staðar á landinu er varðveisluskilyrði til varðveislu þjóðminja eins góð. Þjóðminjasafnið gegnir lögbundnu hlutverki við að safna, varðveita, sýna og rannsaka það besta og merkilegasta sem þjóðin hefur borið gæfa til að varðveita. Þjóðminjasafnið hefur bjargað ómetanlegum menningararfi frá glötun og tryggt varðveislu þeirra. Á það við um alla kirkjugripi, sem Þjóðminjasafnið varðveitir. Þá safngripi hefur safnið fengið að gjöf eða keypt fyrir á tímum þar sem þeir lágu undir skemmdum. Þegar munir koma inn til safnsins felst í því sú viðurkenning að litið er á minjarnar sem þjóðminjar og þar með sameign þjóðarinnar. Þetta á við um þjóðminjasöfn menningarþjóða um allan heim.

Í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittur ómetanlegur safnkostur og eru kirkjugripir frá öllu landinu þar á meðal. Langflestir þeirra komu til safnsins fyrir áratugum síðan og lágu á hverjum tíma margvíslegar ástæður að baki því að gripurinn kom til safnsins. Þar gat komið til óbætanlegt minjagildi bæði fyrir þjóðina sjálfa og í alþjóðlegu samhengi. Við slíkar aðstæður tíðkaðist oft að greiða gjald fyrir þá eða útvega nýja gripi í staðinn og eru um þetta heimildir. Þegar notkun gripa var hætt þá þótti eðlilegt að koma þeim á safnið en því miður hefur það borið við að aflagðir kirkjugripir hafa horfið úr kirkjum án þess að vitað sé um afdrif þeirra. Í dag ber lögum samkvæmt að koma kirkjugripum til varðveislu í Þjóðminjasafni eða til annarra kirkna (sjá 23. gr. þjóðminjalaga). Samkvæmt alþjóðlegum siðareglum safna ber söfnum og forráðamönnum safna að varðveita til komandi kynslóða það sem ákveðið hefur verið að varðveita í safninu. Þjóðminjasafni ber því að varðveita það sem skráð hefur verið inn í safnkost þess. Ekki er heimilt að taka safngripi úr viðurkenndu safni (sjá alþjóðlegar lög safna Icom.). Auk þess má benda á að Íslendingar eru aðilar á menningarsáttmála sameinuðu þjóðanna frá 1995.

### Lögbundið hlutverk Þjóðminjasafns Íslands

Þjóðminjasafn Íslands var stofnað 24. febrúar 1863 og við stofnun Lýðveldisins 1944 ákvað Alþingi að reisa safninu nýtt safnhús sem morgungjöf til þjóðarinnar. Flutt var í það um 1950. Þjóðminjasafn Íslands er því með elstu og virðulegustu stofnununum landsins. Það er til sæmdar okkur öllum og sýnir að þjóðin vaknaði snemma til vitundar um menningargildi og þjóðlega nauðsyn hlutverks Þjóðminjasafns í okkar samfélagi að varðveita, rannsaka og sýna minjar íslenskrar sögu og menningar. Þjóðminjar eru sameign íslensku þjóðarinnar í fortíð, samtíð og framtíð og í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittar minjar sem teljast til íslensks menningararfs, notaðir af íslenskum mönnum og teknir upp í íslensku menningarumhverfi.

Fyrstu níu áratugina var einkum leitast við að safna forngrípum, kirkjugripum og öðrum listgrípum frá

síðari öldum. Starfsemi hefur aukist mjög síðustu hálfu öld og nú starfa sérfræðingar við safnið á sviði þjóðminjavörslu almennt. Hálfri öld eftir að frumgripirnir 15 komu til varðveislu voru safnfærslurnar orðnar yfir sex þúsund. Safninu voru einnig ánöfnuð nokkur sérsöfn sem tengdust ákveðnu fólki svo sem Ingibjörgu og Jóni Sigurðssyni forseta, Tryggva Gunnarssyni bankastjóra, Helgu og Jóni Vídalín konsúl, Þóru og Þorvaldi Thoroddsen prófessor, Williard Fiske prófessor og Andrésí Johnsen hárskera í Ásbúð.

Í tilefni Alþingishátíðarinnar 1930 afhentu dönsk yfirvöld um tvöhundruð íslenska dýrgripa úr dönskum söfnum og fjöldi íslenskra listgripa barst einnig frá Noregi. Nú má telja muni safnsins í tugum eða hundruðum þúsunda og í myndasafni eru varðveittar um 2 milljónir mynda.

Þjóðminjasafn Íslands er samkvæmt safnalögum höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og starfar á landsvísu og varðveitir og sýnir minjar um allt land. Sem vísinda- og þjónustustofnun er því ætlað að stunda rannsóknir á menningarminjum í landinu, varðveita og kynna þær öllum almenningi. Þjóðminjalög kveða á um að til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngríp, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands er byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðlar að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar (þjóðminjalög nr. 107/2001, 3. gr.). Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípa, kirkjugrípa, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar og eru 44 hús um allt land í vörslu Þjóðminjasafns (sjá [www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is)). Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngrípa sker þjóðminjavörður úr (þjóðminjalög nr. 107/2001, 18. gr.) Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifarverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur. Þjóðminjasafn Íslands skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða (þjóðminjalög nr. 107/2001, 23. gr.).

#### *Varðveisluskilyrði í kirkjum*

Í 20. gr. þjóðminjalaga er kveðið á um hlutverk kirkna í varðveislu kirkjugripa, sem ekki eru varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands. Þörf er á stórkostlegu átak í því að tryggja öryggi kirkjugripa, sem eru í vörslu kirknanna. Víða er kirkjugripir óskráðir og varðveittir við slæm skilyrði, jafnvel í ólæstum kirkjum. Ef ekki verði gert átak í þessum efnum má gera ráð fyrir að ómetanlegar minjar í vörslu kirkna glattist og eru því miður of mörg dæmi um að slíkt hafi gerst á síðustu áratugum. Almennt má segja að kirkjur landsins eru ekki ákjósanlegur varðveislustaðir fyrir þjóðardýrgrípa sem samkomulag er um að séu þess eðlis að þá skuli varðveita til allrar framtíðar. Fæstar eða engar uppfylla kröfur um öryggisbúnað sem söfn er varðveita þjóðardýrgrípa skulu hafa. Þar koma bæði til þjóðavarnarkerfi, brunavarnarkerfi og að ekki sé talað um nauðsynlega stýringu á hita og raka andrúmsloftsins.

#### *Þjóðminjasafn Íslands starfar á landsvísu og er höfuðsafn allra minjasafna*


Þjóðminjasafnið stendur fyrir tímabundnum sýningum um allt land á ljósmyndum og munum. Minjar í vörslu Þjóðminjasafnsins má þar að auki sjá í friðuðum húsum um allt land, en torfbæir, kirkjur og 19. aldar hús eru varðveitt í húsasafni Þjóðminjasafnsins á 44 stöðum um landið. Þjóðminjasafnið lánar einnig til sýninga muni til safna, sem hafa til þess aðstæður og jafnvel til kirkna. Má í því sambandi nefna báta í eigu safnsins á Reykjum, Eyrabakka og Reykhólum, kuml í Minjasafni Austurlands, steinkistu Páls biskups í Skálholtsdómkirkju, minjar í Reykholti, alabasturstöflu í Hóladómkirkju, tækniminjar í Skógasafni, safngripir á Akureyri og margt fleira. Er það stefna Þjóðminjasafnsins að sýna þjóðminjar í sínu sögulega umhverfi þegar unnt er að uppfylla skilyrði um öryggi minjanna eins og safninu ber skylda til lögum samkvæmt. Um það hefur náðst góð samvinna víða um land eins og ofanefnd dæmi sýna. Auk þess hefur Þjóðminjasafnið verið með sýningar víða um land síðustu ár og lánað sýningar, m.a. til Siglufjarðar, Vestmannaeyja, Akureyrar, Skriðuklausturs og víðar.

### Niðurlag

Kirkjugripir í vörslu Þjóðminjasafns Íslands eru mikilvægu hluti menningararfs okkar og safnkosts Þjóðminjasafns Íslands. Slikir munir eru til vitnis um menningarstarf þjóðarinnar á fyrri öldum ekki síður en sögu kirkjunnar. Sá menningararfur er auk þess mikilvægur hluta arfs Íslendinga í listsköpun og eru í flestum tilvikur listgripir ekki síður en kirkjugripir. Í stað umræddrar þingsályktunartillögu er það mat Þjóðminjasafns Íslands að gert verði átak í að tryggja öryggi og varðveislu þeirra kirkjugripa sem nú eru í kirkjum landsins við misjöfn skilyrði og ekki eru á þjóðminjaskrá.

*Alvarlega er mælt gegn umræddri þingsályktunartillögu, sem stríðir gegn lögbundnu hlutverki Þjóðminjasafns Íslands, alþjóðlegum lögum um hlutverk safna og markmiðum um varðveislu menningararfs þjóðarinnar til komandi kynslóða enda gilda sömu lögmál um þjóðminjar í vörslu Þjóðminjasafns og skinnhandrit þjóðarinnar. Slíkan menningararf verður að varðveita við bestu hugsanlegu skilyrði er það hlutverk Þjóðminjasafn Íslands að tryggja að þjóðminjar varðveitist til komandi kynslóða, sem sameign Íslendinga allra.*

Með vinsæld og virðingu



Margrét Hallgrímsdóttir,  
Þjóðminjavörður